



Skuldabréf og innlán

JÚPÍTER - INNLEND SKULDABRÉF

NAFNÁVÖXTUN

Síðasti mánuður	0,7%
Frá áramótum	6,6%
2017	5,8%
2016	5,3%
2015	-
2014	-
2013	-
Frá stofnun*	5,5%

*Sjóður stofnaður 19.3.2015
Ávöxtun frá stofnun er á ársgrundvelli

FJÁRFESTINGARHEIMILDIR

Innland skuldabréf	40-100%
Skuldabréf ríkisábyrgð	0-60%
Óskráð skuldabréf	0-20%
Innlendir skbr. sjóðir	0-20%
Afleiður	0-10%
Innlán	0-50%

EINKENNI

Verðtryggingarhlutfall	76,5%
Meðallíftími	4,9

EIGNASAMSETNING

ARB	19,9%
LAIS	19,3%
ISB	18,9%
JR-KREDIT	5,9%
JR-Veðskuldabréf I	5,8%
KVB	5,8%
Almenna leigufélagið	4,6%
OR	4,2%
REITIR	4,1%
TM	2,3%
Annað	8,7%
Reiðufé	0,5%


FYRIR HVERJA ER SJÓÐURINN

Sjóðurinn er ætlaður þeim fjárfestum sem vilja ávaxta fé sitt til lengri tíma með virkri stýringu í innlendum skuldabréfum. Sveiflur í gengi sjóðsins geta verið nokkrar og ætti fjárfesting í sjóðnum því að vera hugsuð til lengri tíma.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Markmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með virkri stýringu fjármuna á íslenskum skuldabréfamarkaði með og án ríkisábyrgðar. Með virkri stýringu getur meðallíftími og verðtryggingarhlutfall sjóðsins verið breytilegt frá einum tíma til annars.

GENGISPRÓUN



UPPLÝSINGAR

REKSTRARFÉLAG Júpíter rekstrarfélag hf.	STÆRÐ SJÓÐS 3.073 m.kr.	UPPGJÖRSTÍMI KAUPA 2 viðskiptadagar	ISIN IS0000023711
SJÓÐSFORM Fjárfestingarsjóður	GENGISMUNUR 1,0%	UPPGJÖRSTÍMI SÖLU 10 viðskiptadagar	LEI KÓÐI 2549006NHQOG75NXLMO7
SKRÁNINGARLAND Ísland	UMSÝSLUÞÓKNUN 1,0%	LÁGMARKSKAUP 10.000 kr.	FRAMKVÆMDASTJÓRI Ragnar Dyer
GRUNNMÝNT ISK	AFGREIÐSLUGJALD 400 kr.	VÖRSLUFÉLAG Kvika banki hf.	SJÓÐSTJÓRI Stefán Jónsson
STOFNÁR 2015	AFGREIÐSLUTÍMI 9:00-14:00	BLOOMBERG AUÐKENNI JPTRISK:IR	FJÁRFESTINGARTEYMI Jónas Gunnarsson Skúli Harðarson Örvar Óskarsson
		Auðkenni JR-IS	



FYRIRVARI

UM JÚPÍTER

Júpíter rekstrarfélag hf. var stofnað af Kviku árið 2006 og hefur frá árinu 2007 starfað með leyfi Fjármálaeftirlitsins sem rekstrarfélag verðbréfasjóða skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi félagsins tekur einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar og vörslu og stjórnunar fjármála-gerna í sameiginlegri fjárfestingu. Vörslufyrirtæki félagsins er Kvika.

Júpíter rekur verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði sem eru rafrænt skráðir og opnir öllum til fjárfestingar. Félagið rekur einnig fagfjárfestisjóði.

Júpíter hefur trygga stöðu sem sjálfstætt rekstrarfélag verðbréfasjóða sem vinnur að sameiginlegum hagsmunum sjóðfélaga og rekstrar-aðila. Félagið er í eigu Kviku.

Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykluþýsingar og útboðsýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Júpíters, www.jupiter.is.

Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur útvistað hluta af daglegum rekstri til Kviku banka hf. á grundvelli laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestisjóði, nr. 128/2011. Júpíter rekstrarfélag hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa- og fjárfestingarsjóða skv. 7. tölul. og b-lið 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 1.-3. tölul. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

MARKAÐSÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða lánshæfi útgefanda.

LAUSAFJÁRÁHÆTTA

Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

REKSTRARÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

VERÐBÓLGUÁHÆTTA

Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

MÓTAÐILAÁHÆTTA OG ÁHÆTTA TENGD INNLÁNUM

Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

STJÓRNMÁLAÁHÆTTA

Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvarðana og stjórnmalalegs óstöðugleika.